

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 402/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurvini Brynjólfssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1988 að ósk ákærða, að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Dóminum er áfrýjað til staðfestingar af hálfu ákærvalds.

Broti ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

Rekstur máls þessa hefur verið með miklum töfum. Brot ákærða var framið 27. september 1985, ákæra var gefin út 23. janúar 1986, en héraðsdómur ekki kveðinn upp fyrr en 27. október 1988. Engin skýring er gefin á þessum drætti í héraðsdómi, en annar dómari fór með málið, áður en dómari sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, fékk það til meðferðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin í héraðsdómi, þriggja mánaða fangelsi. Þar sem mjög langt er, síðan brot ákærða var framið, og hann hefur ekki framið önnur brot síðan samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt var fyrir Hæstarétt, þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurvin Brynjólfsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum

tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skil-orð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 27. október 1988.

I. Dómkröfur ofl.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., en endurupptekið og dómtekið að nýju í dag, er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæruskjölum ríkissaksóknara sem hér segir:

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. desember 1985, á hendur A...

— — —

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. janúar 1986, er málið og höfðað gegn ákærða B, ákærða C og ákærða Sigurvini Brynjólfssyni sjómanni, Miðstræti 3, Vestmannaeyjum, „fyrir skjalafals með því að hafa föstudaginn 27. september 1985 í sameiningu staðið að sölu tékka nr. 789328, sem ákærði C hafði í heimildarleysi tekið úr tékkhefti Ævars Sigþórs Ingólfssonar, merktu Sparisjóði Vestmannaeyja, en ákærði Sigurvin útfyllt, að fjárhæð kr. 15.000,00, dagsett 27.9. 1985, á reikning nr. 1813, stílað á handhafa og falsað á nafnritun Ævars Sigþórs sem útgefanda. Ákærði C framvísaði tékkanum í Sparisjóði Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum, en tókst ekki að selja hann. Fóru þá ákærðu Sigurvin og C með tékkann í verslunina Eyjakjör við Hólagötu og seldu hann þar, en á meðan beið ákærði B á heimili sínu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

II.

Málsatvik.

Í máli þessu liggur fyrir skýlaus játning ákærða á ákæruatriðum og með hlíðsjón af því þykir mega lýsa málsatvikum með neðangreindum hætti.

— — —

Ákæra út gefin 23. janúar 1986. 7. liður ákæru. Ákæra á hendur ákærðu C, B og Sigurvini. Skjalafals.

Föstudaginn 7. september 1985 kom á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum eigandi verslunarinnar Eyjakjörs hér í bæ. Hann kvaðst óska eftir, að tekin yrði til rannsóknar tilvist ávísunar, sem ákærði C hefði framvísað í versluninni þá fyrr um daginn. Kærandi kvaðst gruna C um að hafa falsað ávísunina. Rannsókn málsins hófst þegar í stað og voru allir ákærðu handteknir og vistaðir í fangageymslu lögreglu, en þeir voru allir undir áhrifum áfengis.

Eins og í ákæru greinir er umrædd ávísun að fjárhæð krónur 15.000,00 með nafnritun Ævars Sigþórs Ingólfssonar sem útgefanda. Um handhafa ávísun er að ræða, en vísað er á reikning nr. 1813 í Sparisjóði Vestmannaeyja. Ávísunin er ábekt með nafni ákærða C. Við rannsókn málsins kom fljótlega í ljós, að tilgreindur útgefandi, Ævar Sigþór Ingólfsson, hafði ekki gefið út ávísunina. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Ævari Sigþóri Ingólfssyni, að hann hafi verið gestkomandi á heimili ákærða B... sama dag og áður greinir. Kvaðst hann hafa ákærðu C og B grunaða um að hafa tekið, að sér fornspurðum og án sinnar vitundar, ávísunareyðublað úr hefti, er hefði verið í jakka sínum, sem hann hefði lagt frá sér við komu inn í húsið. Þá kemur það einnig þar fram að nefndur Ævar taldi, að ákærði C hefði falsað ávísunina. Strax daginn eftir að málið var kært, eða 28. september 1985, komu allir ákærðu fyrir sakadóm Vestmannaeyja. Ákærði Sigurvin kom einnig fyrir dóm 5. júní 1987 og 3. júní 1988. Ákærði B kom enn fremur fyrir dóm 15. júní 1987 og 3. júní 1988. Þá kom ákærði C einnig fyrir dóm 9. október 1986 og 2. júní 1988. Verður nú rakinn framburður þeirra. Ákærði C kvað þá alla ákærðu hafa umræddan dag verið við áfengisneyslu heima hjá ákærða B og þar hafi einnig verið áðurgreindur Ævar Sigþór. Viðurkenndi ákærði C að hafa tekið ávísunareyðublað úr hefti nefnds Ævars, og verður ekki annað ráðið af framburði ákærða C en það hafi hann gert án vitundar Ævars. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærða:... „Þegar Ævar var farinn úr íbúðinni, kveðst kærði hafa sýnt þeim Sigurvini og B eyðublaðið. Í framhaldi af því kveður kærði Sigurvin hafa útfyllt eyðublaðið og hefði hann boðist til þess. Kveður kærði Sigurvin hafa haft ávísunina að fjárhæð kr. 15.000,00. Að fyrirlagi kærða og B hefði Sigurvin sett reikningsnúmerið 1713 á ávísunina, enda hefðu þeir séð það númer hjá Ævari, þegar hann var að fylla út ávísun, skömmu áður en hann fór. Loks hefði Sigurvin ritað nafn Ævars í reit útgefanda og farið eftir einhverju bréfi í íbúðinni með nafni hans til þess að fá fullt nafn fram. Kærði kveður þá alla í sameiningu hafa ákveðið tékkafjárhæðina. Að þessu loknu kveðst kærði hafa farið niður í Sparisjód Vestmannaeyja til að fá ávísuninni skipt. Það hefði hins vegar ekki tekist, þar sem reikningsnúmerið hefði ekki verið rétt og auk þess hefði verið fundið að nafnrituninni. Hefði

hann þá farið aftur með ávísunina að Vestmannabraut 61 og þá hefði Sigurvin breytt reikningsnúmerinu úr 1713 í 1813, auk þess sem hann hefði krukkað í nafnritunina. Tekur kærði fram, að áður hafi hann verið búinn að rita nafn sitt á bakhlið ávísunarinnar, en það hefði hann gert í afgreiðslu Sparisjóðsins.“ Í framburði ákærða C kemur enn fremur fram, að eftir þetta hafi hann og ákærði Sigurvin farið með ávísunina í verslunina Eyjakjör við Hólagötu. Kvað ákærði C þá meðákærða Sigurvin hafa keypt þar matvæli fyrir rúmlega 3.000,00 kr., auk þess, sem ákærði C greiddi með umræddri ávísun viðskiptaskuld, að fjárhæð kr. 2.000,00. Ákærði C kvað þá Sigurvin eftir þetta hafa farið í verslunina Pinnann og keypt þar 10 pakka af vindlingum og 9 lítra af Coca Cola. Ákærði C kvað þá ákærðu Sigurvin hafa nú farið aftur að Vestmannabraut 61. Ákærði C kvaðst síðar umræddan dag hafa verið handtekinn af lögreglu, en þá kvaðst ákærði hafa verið á leið í útsölu ÁTVR til að kaupa áfengi fyrir það reiðufé, sem enn var eftir, frá því að ávísuninni var skipt í versluninni Eyjakjöri.

Ákærði C hefur haldið við þennan framburð sinn við síðari dómsfyrirtökur í málinu.

Er ákærði B kom fyrir dóm 28. sept. 1985, staðfesti hann, að ofangreindir menn hefðu verið á heimili hans umræddan dag. Áfengi hefði verið haft um hönd og menn gerst drukknir. Hann kvað fyrrgreindan Ævar hafa veifað í kringum sig ávísanahefti frá Sparisjóði Vestmannaeyja. Ákærði B kvað nefndan Ævar hafa haft í hyggju að skrifa ávísun til kaupa á áfengi, en sökum ölvunar hefði nefndum Ævari ekki tekist þetta ætlunarverk sitt og yfirgefið húsið og ekki komið þangað aftur. Hann kvað ákærða C nú hafa beðið sig að koma inn á salerni og þar hefði ákærði C sýnt sér óútfyllt eyðublað úr hefti Ævars og hefði ákærði Sigurvin einnig séð eyðublaðið. Hann sagði, að þeir hefðu farið með eyðublaðið fram í eldhús, og ákærði Sigurvin fyllt það út. Ákærði B kvað meðákærða Sigurvin hafa haft ávísunina að fjárhæð kr. 15.000,00 og stílað hana á handhafa. Þegar komið hefði verið að þeim þætti, að skrifa hafi þurft nafn útgefanda, kvaðst ákærði B hafa fundið læknisvottorð eða annað persónubundið skjal, sem bar nafn Ævars, og þannig hafi meðákærða Sigurvini tekist að rita á ávísunina sem útgefanda fullt nafn Ævars. Ákærði B kvaðst ekki muna, hvaða reikningsnúmer meðákærði Sigurvin hefði ritað, en meðákærði Sigurvin hefði þó nefnt það, svo að hann sjálfur heyrði. Hann kvað meðákærða C hafa nú farið með ávísunina í Sparisjóð Vestmannaeyja til að fá henni skipt, en komið með hana til baka og sagt, að ekki hefði verið tekið við henni þar, þar sem reikningsnúmerið hefði verið ranglega tilgreint og nafnritunin ekki talin fullnægjandi. Hann kvað þá meðákærðu Sigurvin og C hafa nú farið í matvöruverslun við Hólagötu og komið aðallega með matvörur til baka. Ákærði B kvað þá hafa haft í hyggju að nota afganginn af peningunum til áfengiskaupa.

Er ákærði B kom aftur fyrir dóm tæpum tveimur árum seinna, var framburður hans á sama veg og hann hafði áður gefið, en hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega, hver falsaði ávísunina, en kvað þá alla þrjá ákærðu hafa staðið sameiginlega að fölsuninni. Í þessu þinghaldi var ákærða B kynntur framburður sá, er hann hafði gefið í sakadóminum 28. september 1985, og kvað hann þann framburð réttan. Ákærði B staðfesti jafnframt, að fram lögð ávísun í málinu væri sú ávísun, sem um gæti í málinu.

Í þinghaldi 3. júní 1988 er aftur á móti eftirfarandi bókað:

„Verjandi ákærða, Jón Hjaltason hrl., hefur farið yfir gögn málsins og sérstaklega þinghöld frá 28. september 1985 og 15. júní 1987. Óskar verjandi ákærða nú eftir, að hann sé spurður, hvort hann hafi ritað eitthvað með eigin hendi á ávísunina. Spurningin er þannig borin undir ákærða og segir hann það ekki vera, hann hafi ekki gert það.

Ákærði fer nú aftur yfir ákærana með heimild dómarans og kveðst nú vilja taka fram, að hann skilji ekki hvers vegna refsikröfum sé beint að sér í málinu, þar sem hann telji að hann hafi ekki falsað umræddan tékka“.

Ákærði Sigurvin neitaði við fyrstu yfirheyrslu fyrir dómi 28. september 1985 að hafa átt nokkurn þátt í að fylla út ávísun þá sem meðákærði C hafi notað í versluninni við Hólagötu. Sama dag var aftur tekin skýrsla af ákærða Sigurvini, og eftir að hann hafði hlýtt á framburð meðákærðu, kvaðst hann játa að hafa fyllt út umrædda ávísun úr ávísanahefti fyrrnefnds Ævars, sem frammi lægi í málinu, og eftir að ákærða Sigurvini hafði verið sýnd ávísunin, kannaðist hann við að hafa ritað hana. Framburði ákærða Sigurvins bar að öðru leyti saman við framburð meðákærðu C og B, að því er tekur til málavaxta að öðru leyti.

Er ákærði Sigurvin kom fyrir dóm tæpum tveimur árum síðar, þ.e. 5. júní 1987, kvaðst hann ekki muna nákvæmlega eftir atburðum, en umræddan dag hefði hann verið mjög ölvaður og tók jafnframt fram, að hann hefði átt við áfengisvandamál að stríða og væri nýkominn úr meðferð. Ákærði Sigurvin kvaðst hins vegar ekki rengja framburð meðákærðu.

Í samræmi við framburð ákærðu þykir sannað, að ákærði C hafi föstudaginn 27. september 1985 tekið í heimildarleysi tékkaeyðublað úr tékkhefti Ævars Sigþórs Ingólfssonar, merktu Sparisjóði Vestmannaeyja, en tékkaeyðublaðið bar tékkanúmerið 0789328. Með samhljóða framburði ákærðu C og B og með hliðsjón af rithandarsýnishorni ákærða Sigurvins, er frammi liggur í málinu, dskj. III B 6, sbr. dskj. III B 3, svo og með eigin játningu ákærða Sigurvins að öðru leyti þykir enn fremur sannað, að ákærði Sigurvin hafi útfyllt tékkaeyðublaðið með fjárhæðinni kr. 15.000,00, dagsetningunni 27.9. 1985 og vísað á reikning nr. 1813 og loks falsað nafnritun Ævars Sigþórs sem útgefanda.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði Sigurvin Brynjólfsson er einnig sakhæfur, fæddur 24. júlí 1951 í Reykjavík, og hefur á tímabilinu frá 1973 til 1985 sex sinnum verið sektaður fyrir ölvun og með dómsátt í Reykjavík frá 23. júní 1978 féllst ákærði á að greiða kr. 90.000,00 í sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. og sæta ökuleyfis sviptingu í 12 mánuði fyrir brot gegn 25. gr. umfl. Á áðurgreindu tímabili hefur ákærði tvisvar verið sakfelldur fyrir hegningarlagabrot. Í fyrra skiptið var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 19. des. 1975 sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. hgl., en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Í síðara skipti með dómi sakadóms Vestmannaeyja frá 17. maí 1985 hlaut ákærði 30 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár og var auk þess látinn greiða 15.000,00 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hgl., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. umfl., og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24. maí 1985. Með brotinu frá 27. september 1985 hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 17. maí 1985, og ber því, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940, að taka bæði málin til meðferðar og dæma þau í einu lagi. Er refsins ákærða er til tekin, ber þannig að hafa hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 79. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af því og því, sem að framan greinir, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ekki þykja vera skilyrði til að skilorðsbinda dóminn.

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við málinu í maímánuði 1988, dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði Sigurvin Brynjólfsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði C sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta, og hún skal niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Ákærði B skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

— — —

Ákærði A greiði 3/7 hluta sakarkostnaðar máls þessa, en ákærðu Sigurvin Brynjólfsson og C in solidum 1/7 hluta. Annar sakarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða B, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 30.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.